



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 04.02.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 3. febrúar 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Sundaborg 1-15 og 8

Lögð er fram umsókn Sturlu Þórs Jónssonar dags. 18. desember 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sundaborgar 1-15 og 8. Í breytingunni felst að bætt er við heimild í skilmála til að setja upp auglýsingaskilti á austurhlið Sundaborgar 1, samkvæmt uppdr. Sturlu Þórs Jónssonar arkitekts dags. 29. nóvember 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa. Lagt er til að tillagan fari í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Visað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: uppdr. Sturlu Þórs Jónssonar arkitekts dags. 29. nóvember 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. janúar 2021.



Núverandi deiliskipulag 1:2000



Útlit á austurhlið Sundaborgar 1. 1:200

Greinagerð:

Deiliskipulagssvæðið:

Deiliskipulagssvæðið liggur milli Sæbrautar og Vatnagarða og eru lóðirnar Sundaborg 1 til 15, staðgreinir 1.336.701 og Sundaborg 8, staðgreinir 1.336.702 innan svæðisins. Að auki er innan deiliskipulagssvæðisins opið svæði milli Sundaborgar og Vatnagarða.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030:

Deiliskipulagið er unnið í samræmi við stefnumörkun borgaryfirvalda eins og hún birtist í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Samkvæmt því er landnotkun á þessu svæði athafnarsvæði og almennt útivistarsvæði.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi:

Sundaborgar 1-15 og 8 vegna Sundaborgar 1. Sem samþykkt var í borgarráði 5. júní 2001.

Lýsing á breytingunni:

Breytingin felst í því að bætt er við skilmála heimild til að setja upp auglýsingarskilti á austurhlið Sundaborgar 1.

Tillaga að viðbótar texta í skilmálum er svo hljóðandi:

Heimilt er að setja stafrænt auglýsingaskilti á austurhlið Sundaborgar 1 í stærð 6.16m x 3.28m. Við uppsetningu og stillingu á skiltinu skal fara eftir leiðbeiningum sem fram koma í samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur samþ. í borgarráði 7. maí 2020.

Að öðru leiti gilda eldri skilmálar.



Hluti af aðalskiupulagi Reykjavíkur 2010 - 2030.

Deiliskipulagbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20 _____ og í _____ þann _____ 20 _____ Tillagan var auglýst frá _____ 20 _____ með athugasemdarfresti til _____ 20 _____ Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnatíðinda þann _____ 20 _____

Heiti verks:	Sundaborg 1-15 og 8.
Verkefni:	Breyting á deiliskipulagi.
Heiti teikningar:	Grunnmynd og útlit.
Verknúmer:	1113.
Teikninúmer:	1113-S-01.
Dagsetning:	29.11.2020.
Mælikvarði:	1:2000 og 1:200.
Teiknað:	Sturla Þór Jónsson.
Blaðstærð:	A3.

Reykjavík, 21. janúar 2021 (HHN)

Sundaborg 1-15 - breyting á deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. janúar 2021 var lögð fram umsókn Sturlu Þórs Jónssonar dags. 18. desember 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sundaborgar 1-15 og 8. Í breytingunni felst að bætt er við heimild í skilmála til að setja upp auglýsingaskilti á austurhlið Sundaborgar 1, samkvæmt uppdr. Sturlu Þórs Jónssonar arkitekts dags. 29. nóvember 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.



Kort af skipulagssjá



Götumynd af www.ja.is

Skipulagsleg staða

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er Sundaborg 1-15 á skilgreindu miðsvæði (M9).

Í gildi er deiliskipulag fyrir Sundaborg 1-15 og 8 samþ. 5. júní 2001.

Umsögn/forsaga

Málið barst embætti skipulagsfulltrúa upphaflega sem umsókn dags. 28. júlí 2020. Við yfirferð kom í ljós að skiltið uppfyllti ekki kröfur samþykktar Reykjavíkurborgar um skilti. Umsækjandi vann lagfæringar á útfærslu skiltisins í samráði við embættið. Í framhaldinu var samþykkt að umsækjandi myndi vinna breytingu á deiliskipulagi til þess að heimila upplýst skilti á húsinu. Breytingin var einnig unnin í samráði við embættið.

Sótt er um að setja upp stafræn ljósaskilti á austur hlið hússins sem snýr út að Vatnagörðum 4. Í dag er óupplýst auglýsingaskilti á staðnum þar sem sótt er um að koma fyrir LED skiltinu. Skiltið sem sótt er um er um 20 m².

Umsóknin var skoðuð út frá samþykkt Reykjavíkurborgar um skilti. Samkvæmt korti sem fylgir samþykktinni er svæðið sem Sundaborg 1-15 er á merkt gult (500cd/m²). Húsið stendur jafnframt við götu þar sem ný auglýsingaskilti eru möguleg. Samkvæmt samþykktinni er leyfilegt að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en 10m² ef að fyrir sé sambærilegt skilti s.s. flettiskilti, eða ef deiliskipulag heimil slík skilti. Slík skilti megi þó ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísu og öðrum umferðarbúnaði en 20m. Samkvæmt uppfærðri teikningu uppfyllir fyrirhugað skilti fjarlægðarmörk samþykktarinnar.

Í kafla 3.3. um lýsingu segir að þegar stafræn skilti sem eru stærri en 10m² eru sett upp skuli framkvæma ljósmælingar sem hjálpa til við að stilla skiltið rétt með tillit til umhverfisbirtu svæðisins. Sjá nánar í samþykkt borgarinnar um skilti. Fara skal eftir leiðbeiningum samþykktarinnar varðandi ljósstyrk og fl.

Niðurstaða

Mælt er með því að breytingin verði auglýst.

F.h. skipulagsfulltrúa, Haukur Hafliði Nínuson